



HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli

Hafnarfjörður 12. nóvember 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Líkt og þið vitið þá taka hertar sóttvarnarreglur gildi á miðnætti. **Kennsla verður áfram hefðbundin** en stóra breytingin er **50 manna fjöldatakmarkanir** sem gilda út kennslutímabilið. Sú breyting hefur nær eingöngu áhrif á matsal skólans, en frá og með mánudeginum verður ekki hægt að kaupa heitan mat. Í stað þess verður hægt að kaupa eitthvað létt til að grípa með sér og borða í stofum og eru nemendur einnig hvattir til að koma með nesti.

Helstu **reglur** eru þessar:

- ✓ Fullt staðnám í öllum áföngum eins og verið hefur.
- ✓ Nemendur mega vera 50 saman í sama rými og viðhalda 1m reglu.
- ✓ Grímuskylda er áfram í skólanum en taka má grímur niður þegar nemendur hafa fengið sér sæti í kennslustofum.
- ✓ Leyfilegt er að snæða nesti í stofum á milli kennslustunda.
- ✓ Nemendur sötthreinsa borð eftir notkun.
- ✓ Í matsalnum mega vera 50 alls en nemendur þurfa alltaf að muna að forðast hópamyndanir.
- ✓ Viðburðir á vegum skólans og NFF fara eftir þessum nýju viðmiðum.

Fylgist vel með á INNU og nánara fyrirkomulagi á skólastarfinu á samfélagsmiðlasíðum skólans. Ég vona að allir takið þessu vel, hugsi vel um eigin sóttvarnir og forðist hópamyndanir. Farið öll varlega - við getum þetta saman!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594



